

**Nd.**

**172. Nefndarálit**

[75. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 29 frá 9. maí 1955, um breyt. á jarðræktarlögum, nr. 45 17. maí 1950.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur rætt frumvarpið og orðið sammála um að leggja til, að það verði samþykkt. Jafnframt hefur hún tekið til athugunar það ákvæði jarðræktarlaganna, sem ákveður hærra framlag á ræktun þeirra býla, sem minna tún hafa en 10 ha. Það ákvæði fellur úr gildi í árslok 1960.

Á árunum 1958 og 1959 hefur á vegum Landnáms ríkisins farið fram mæling og kortagerð af túnnum þeirra jarða í landinu, sem minni tún hafa en 10 ha eða vafi leikur á um, hvort falla kunni undir þetta ákvæði. Þessum mælingum er nú að mestu lokið, en eftir að reikna út túnstærð á nokkrum hluta jarðanna. Samkvæmt upplýsingum landnámsstjóra í bréfi til landbúnaðarráðuneytisins, sem nefndin hefur fengið afrit af, liggja nú fyrir nákvæmar mælingar um túnstærð 2124 jarða, sem minni tún hafa en 10 ha. Meðaltúnstærð þeirra býla er í árslok 1959 6.56 ha. Vantar því á þessum jörðum samtals um 7300 ha ræktun, til þess að 10 ha tún verði á hverri þeirri jörð. En auk þess ættu að vera, skv. áætlun, sem Landnám ríkisins gerði 1956, 949 jarðir undir 10 ha stærðinni af þeim jörðum, sem mælingum túnstærðar er ekki lokið á enn þá. Það er því augljóst, að hér er allmiklu átaki ólokið enn, og er það skoðun nefndarinnar, að brýn nauðsyn sé á, að þessi undirstöðuumbót á bújörðunum komist sem fyrst í kring. Það getur orkað tvímælis, hve mörg ár þetta ákvæði jarðræktarlaganna skuli framlengt. Verður þar að meta hvort tveggja, líkurnar fyrir, hve mikið er unnt að framkvæma árlega, og nauð-

synina á, að þessu marki verði náð sem allra fyrst. Með hliðsjón af þessu og álitum landnámsstjóra, er fram kemur í bréfi hans til nefndarinnar í dag, hefur nefndin orðið sammála um að flytja breytingartillögu þá, sem prentuð er á þskj. 173.

Bréf landnámsstjóra til landbúnaðarráðuneytisins, dags. 3. þ. m., ásamt bréfi sama til nefndarinnar, dags 11. þ. m., eru prentuð hér með.

Alþingi, 11. marz 1960.

Gunnar Gíslason, Jónas Pétursson, Karl Guðjónsson.  
form. fundaskr., frsm.

Benedikt Gröndal. Ágúst Þorvaldsson.

### Fylgiskjal I.

#### Landnámsstjóri.

Reykjavík, 3. marz 1960.

Með tilvísun til viðtals, er háttvirtur ráðuneytisstjóri landbúnaðarráðuneytisins átti við mig í síma fyrir nokkrum dögum um nauðsyn þess, að framlengd yrðu ákvæði 41. greinar laga nr. 48/1957, um landnám, ræktun og byggingar í sveitum, um sérstakt framlag til þeirra jarða, sem minni tún hafa en 10 ha, svo og það ákvæði til bráðabirgða í jarðræktarlögum, nr. 45 17. maí 1950, um að þau býli, er minni tún hafa en 10 ha, fái 300 króna framlag á hektara til jarðræktar að viðbætti verðlagsuppbót, þá skal eftirfarandi upplýst:

Landnám ríkisins hefur á árunum 1958 og 1959 látið fara fram uppmælingu og kortagerð af þeim jörðum, sem minni tún hafa en 10 ha, og er því verki ekki að fullu lokið enn þá. Nú liggja fyrir nákvæmar túnstærðir á 2124 jörðum, sem hafa reynzt með minni tún en 10 ha. Samkvæmt því er heildartúnstærð þessara jarða 10963.23 hektarar, þá er lögin tóku gildi, og meðalstærð því 5.16 ha á jörð.

Á árunum 1957—1959 hefur styrkt ræktunaraukning á þessum jörðum numið 2976.62 ha, sem nemur 1.40 ha að meðaltali á jörð, og er túnstærð þeirra því nú að meðaltali 6.56 ha. Til þess að ná ræktunartakmarki því, sem lögin setja, þarf enn að rækta 3.44 ha á jörð að meðaltali eða samtals 7300 hektara alls.

Samkvæmt þeirri áætlun, sem Landnám ríkisins gerði 1956, var áætlað, að 3073 jarðir væru með tún undir 10 ha í lok þess árs. Samkvæmt því ættu að koma fram 949 jarðir af þeim jörðum, sem eftir er að mæla tún á, með minni tún en 10 ha.

Nokkur hluti þessara jarða hefur framkvæmt ræktun árin 1957—1959 eða samtals 693.44 ha, sem greitt hefur verið framlag á, þar sem augljóst var af spjaldskrá Búnaðarfélagss Íslands um túnstærðir og staðfestingu héraðsráðunauta, að víst er, að tún þeirra voru undir 10 ha. Fullnaðargreiðsla á framkvæmdir þeirra verður láttin fara fram, strax og mælingar liggja fyrir á túnstærð þeirra.

Samkvæmt framanritaðu hefur framlag verið greitt á 3670.06 hektara eftir ákvæði landnámslaganna, og greidd framlög nema kr. 6606108.00, en við síðustu áramót er geymslufé á þessum lið í reikningum Landnáms ríkisins kr. 7094189.96, og er þá ótalinn sá kostnaður, sem orðið hefur vegna mælingar túnanna og kortagerðar.

Þegar framanritað er athugað, er ljóst, að tímatakmarkið fyrir framkvæmd þess verks að koma túnunum upp í 10 hektara þarf að framlengja í minnst 3 ár, sérstaklega vegna þess, að það er ekki nægur vélakostur fyrir hendi hjá ræktunarsamböndum til að koma þessu í framkvæmd á skemmri tíma.

Sé ræktunarpörf hinna 949 jarða, sem eftir er að framkvæma túnsmælingu á, jöfn við hinar 2124, sem lokið er mælingu á, eru líkur fyrir því, að framlög þau,

sem lögin gera ráð fyrir, hrökkvi til þessara framkvæmda, en reynist ræktunarþörf þessara jarða mun meiri, getur farið svo, að eitthvað skorti til, að væntanlegar fjárveitingar hrökkvi.

Með skírskotun til þess teljum við ástæðu til, að framkvæmdaheimildin sé framlengd um 3 ár, en á næsta ári verður væntanlega komin fullnaðarrannsókn, hvort eða hve mikill hluti þessara 949 ómældu jarða hafa rétt til framlags, og ætti þá að vera hægt að taka ákvörðun um, hvort framlengja þarf framlagsákvæði 41. greinar landnámslaga.

Þó skal það fram tekið, að það, sem hér er sagt, miðast við, að hinn almenni jarðabótastyrkur til þessara jarða verði framlengdur og haldist óbreyttur, því að lækki hann, verður samkvæmt landnámslögum að hækka framlag landnámsins sem þeirri lækkun nemur.

Virðingarfyllt,  
Pálmi Einarsson.

Til landbúnaðarráðuneytisins,  
Reykjavík.

## Fylgiskjal II.

### Landnámsstjóri.

Reykjavík, 11. marz 1960.

Samkvæmt beiðni háttvirtrar landbúnaðarnefndar neðri deildar Alþingis skal upplýst eftirfarandi til skýringar á niðurlagi bréfs Landnáms ríkisins, dags. 3. þ. m., til landbúnaðarráðuneytisins:

Til þess að hægt sé að framfylgja þeirri framkvæmdaáætlun, sem sett er með 38. grein landnámslaga, er óhjákvæmilegt að framlengja bráðabirgðaákvæði jarðræktarlaga, að því er tekur til síðustu málsgreinar þeirra.

Legg því til, að í stað orðanna: „til ársloka 1960“ komi: „til ársloka 1964“.

Ástæður fyrir þessu eru þær, að það er fyrst hægt að fullu að úrskurða, hverjar jarðir koma undir ákvæðin, þegar tünmælingum er lokið, sem verður á árinu 1960.

Þar sem tímatakmarkið í landnámslögnum er sett til ársloka 1961, má síðar framlengja tímatakmarkið í þeim lögum til samræmis við þá breytingu, sem þingið nú gerir á jarðræktarlögum.

Virðingarfyllt,  
Pálmi Einarsson.

Til landbúnaðarnefndar neðri deildar Alþingis,  
Reykjavík.